

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 58/2023

2023/EES/77/30

frá 17. mars 2023

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1683 frá 28. september 2022 um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í Kólumbíu og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1684 frá 28. september 2022 um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í Taívan og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki fyrir framtíðarsamninga undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður er bætt við á eftir lið 31bczf (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1108) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31bczm. **32022 D 1683:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1683 frá 28. september 2022 um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í Kólumbíu og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 252, 30.9.2022, bls. 78).

31bczn. **32022 D 1684:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1684 frá 28. september 2022 um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í Taívan og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki fyrir framtíðarsamninga undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins (Stjtið. ESB L 252, 30.9.2022, bls. 82).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðana (ESB) 2022/1683 og (ESB) 2022/1684, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 252, 30.9.2022, bls. 78.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 252, 30.9.2022, bls. 82.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.